



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Bætt umferðaröryggi í Álafosskvos

Dags: 11. ágúst 2020

Málsnúmer: 202006397/22.6

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Frá: Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Bæjarráð fjallaði í júlí síðastliðnum um erindi Birtu Fróðadóttur fyrir hönd íbúa við Álafossveg 27 þar sem bent er á mikinn umferðarhraða í Álafosskvos og við Álafossveg, þrátt fyrir að gatan sé skilgreind sem vistgata.

Bæjarráð Mosfellsbæjar bókaði á 1451. fundi sínum þann 9. júlí 2020:

Samþykkt með þremur atkvæðum að fela framkvæmdastjóra umhverfissviðs að vinna minnisblað um úrbætur vegna umferðarhraða í Álafosskvos

Tillögur þær sem settar eru fram í minnisblaði þessu byggjast á núgildandi umferðarlögum og þeim verklagsreglum sem Mosfellsbær vinnur eftir við mat á umferðaröryggi.

Vistgata er skilgreind svohljóðandi í nýjum umferðarlögum frá 2019:

9. gr. Vistgata. Um vistgötu ber að aka hægt og eigi hraðar en 10 km á klst. Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Vistgata skal afmörkuð með sérstökum merkjum sem tákna vistgötu. Vélknúnum ökutækjum má ekki leggja í vistgötu nema á merktum stæðum.

Í eldri lögum var gengið út frá að 15 km/klst hámarkshraða í vistgötu en samþykkt skipulagsnefndar og merkingar á Álafossvegi og í Álafosskvos grundvölluðust einmitt á eldri lögum og reglugerð.

Fallist er á það sjónarmið bréfitara að vistgötumerkingar, hraðmerkingar og hraðatakmarkandi aðgerðir mættu vera skýrari á umræddu svæði til þess að tryggja betur öryggi gangandi vegfarenda.

Undirrituð leggur því eftirfarandi til:

1. Merkingar í götunni verði endurbættar og sett verði upp skilti er sýni 10 km/klst hámarkshraða og málað á götuna. Vistgötumerkingum verð einnig komið fyrir á meira áberandi stað en nú er.
2. Hugað verði að hraðalækkandi aðgerðum svo sem með þrengingum eða hraðahindrun þar sem mögulegt er að koma því við. Tillögur þessa efnis verði lagðar fyrir skipulagsnefnd/umferðarnefnd þegar búið er að móta þær.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs